

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 521/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) og

Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal

(Örn Clausen hrl.)

Skjalafals. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1993. Krefst ákærvaldið þess, að ákærði Jóhann Halldór Þorgeirsson verði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum ákvörðuð refsing. Jafnframt verði honum og ákærðu Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal gert að sæta upptöku á sjö veðskuldabréfum, sem í ákæru getur, samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á grundvelli riftunar Kristjönu Guðmundsdóttur 29. júní 1984 á kaupsamningi hennar við ákærðu Jóhönnu Lucindu frá 29. júlí 1983 og dóms Hæstaréttar í einkamáli milli þeirra hinn 3. mars 1987 til þess að tryggja, að veðskuldabréfum þessum verði skilað til Kristjönu Guðmundsdóttur, útgefanda þeirra.

Ákærðu krefjast bæði staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Mál þetta varðar meðferð á veðskuldabréfum, er ákærða Jóhanna Lucinda fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi 29. júlí 1983, þegar hún seldi heildverslun sína, svo sem um getur í ákæru og hinum áfrýjaða dómi. Kaupandi rifti samningnum 29. júní 1984 vegna vanefnda af hálfu ákærðu, eftir að ein afborgun hafði verið greidd af skuldabréfunum. Með dómi Hæstaréttar 3. mars 1987 fékk kaupandi viðurkenningu þess, að sú riftun hefði verið heimil, meðal annars með vísan til 53. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Um skil á greiðslum vegna riftunarinnar var þó ekki dæmt, og er uppgjör milli samningsaðila óútkljáð. Við opinbera rannsókn vegna viðskipta

ákærðu við kaupanda var hald lagt með dómsúrskurði á þau sjö skuldabréf, sem ákæra tekur til, og eru þau nú í vörslu ákæruvaldsins vegna máls þessa.

Fyrir liggur, að þessi sjö bréf voru meðal 28 skuldabréfa, sem ákærða afhenti ákærða Jóhanni Halldóri samkvæmt kvittun 12. september 1983. Gefur kvittunin til kynna, að bréfin hafi þá verið eign ákærðu Jóhönnu Lucindu, en ætluð til sölu. Á þau hefur ákærði síðan ritað nafnframsal til sín, sem hann dagsetti 1. október 1983, til viðbótar ódagsettu eyðuframsali, er ákærða Jóhanna Lucinda hafði áður ritað. Með þessu er hann í ákæru talinn hafa gerst sekur um skjalafals, er varði við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Í rannsókn málsins hjá lögreglu og meðferð þess fyrir dómi skortir mjög athugun á því, hvernig viðskiptum hinna tveggja ákærðu var í raun háttað og með hvaða hætti og skilmálum ákærði Jóhann Halldór fékk skuldabréfin frá ákærðu Jóhönnu Lucindu. Það er þannig óljóst með öllu, til hvers ákærða ætlaðist með framsali á bréfunum og hvort ákærði hafi haft heimild hennar til þess að árita skuldabréfin sínu nafni. Þá hefur ekki verið reynt með markvissum hætti að varpa ljósi á það, hvaða hagsmunum hafi verið raskað með áritun ákærða á bréfin. Við svo búið er eigi unnt að leggja efnisdóm á mál þetta sem refsímál, og er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærðu Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Ár 1993, fimmtudaginn 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 459/1993: Ákærvaldið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmstöttur Heiðdal, sem tekið var til dóms 1. nóvember sl.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærðu, Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni, Álfheimum 25 í Reykjavík, kennitala 310836-3389, og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmstöttur Heiðdal, Háteigsvegi 19 í Reykjavík, kennitala 260836-7499.

Verður nú gerð orðrétt grein fyrir efni ákæruskjalsins:

„Málið er höfðað gegn ákærða Jóhanni Halldóri til refsingar fyrir skjalafals, en jafnframt báðum ákærðu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1991, til upptöku á sjö veðskuldabréfum., sem lýst verður og fylgja máli þessu.

— — —

Niðurstaða.

Efni veðskuldabréfa þeirra, sem mál þetta fjallar um, er skuldaviðurkenning útgefanda þeirra til ákærðu. Bréf þessi voru nafnbref í upphafi og urðu það áfram eftir áritanir ákærða, þótt áður kæmu til ódagsett eyðuframsöl ákærðu.

Til úrlausnar í málinu er, hvort sú háttsemi ákærða að fylla út í eyðuframsöl ákærðu sé skjalafals, en samkvæmt hegningarlögum telst skjalafals að nota falsa skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Ljóst er, að nafnritun ákærða er ófölsuð og þaðan af síður er leitt í ljós, að það, sem ákærði ritaði á skuldabréfin, sé liður í því að falska og blekkja. Hvorki var skuldari bréfanna né neinn annar blekkur með áritunum ákærða á bréfin, og bréfin veittu ekki ákærða meiri rétt en skuldarinn veitti ákærðu við útgáfu þeirra. Ber því að sýkna ákærða af því að hafa gerst sekur um skjalafals með þeirri háttsemi hans, sem lýst er í ákæru, og þar með ber að sýkna ákærðu bæði af upptökukröfunni.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Jóhann Halldór Þorgeirsson og Jóhanna Lucinda Vilhjálmstöttir Heiðdal, eru sýknuð af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 65.000 krónur í málsvarnarlaun til hvors verjanda ákærðu um sig, hæsta-

réttarlögmannanna Kristjáns Stefánssonar, verjanda ákærða, og Arn-
ar Clausen, verjanda ákærðu.
